P Scan 1506.5

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrirfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

24. ár. | Reykjavík, 30. nóv. 1918. | № 11.

Nýkomið

Verzunin Gullfoss Hafnarstr. 15

Ilmvötn og sápur frá Colgate, **Hárgreiður, Hárnet, Hárnálar, Höfuðkambar, Handklæði, Handklæðadregill Handtöskur**, Peningabuddur, **Bróderaðar Blúndur, Tyllblúndur,** Lífstykki, Dömu Undirföt, Regnkápur, Dömu Kragar, Gardínutau, Rúmteppi, Moll. Léreft, einbreið og tvíbreið, Kreptau, Flonel, hvít og mislit, og margt fleira.

Barnahöfuðföt Hattar og Húfur, Barnatreyjur Borðdúkar Serviettur Krystalstúttur, Flauelisbönd á Upphluti, Silki í Svuntur og Slifsi. Silki í Kjóla, Sikibönd, Silki í Upphluti. Silkitvinni, fjöldi lita, Hanskar úr skinni Hanskar úr ull Saumnálar Smellur Hnappar.

Frú Elinborg Friðriksdóttir Kristjánsson.

Hún lézt að heimili sínu hér í bænum 28. nóv. s. l., 85 ára gömul. Hún var fædd 19. ágúst 1833 í Búðardal á Skarðströnd. Foreldrar hennar voru séra Friðrik Eggertsson, prestur til Skarðsþinga, og kona hans Arndís Pétursdóttir prófasts frá Stafholti, Péturssonar lögsagnara að Görðum í Staðarsveit. Séra Friðrik var kominn í beinann karllegg af Staðarholts Páli, og Jóni Magnússyni á Svalbarða, en móðir hans var dóttir hins mikla gáfu- og fræðimanns Magnúsar Ketilssonar, sýslumanns í Búðardal.

Frú Elinborg var yngst af þeim systkina hennar, er upp komust; þau voru frú Sigþrúður kona Jóns Péturssonar háyfirdómara, Pétur Eggerz í Akureyjum og Guðrún, er gift var Rögnvaldi bónda á Sigmundseyri í efra Fagradal. Tvítug að aldri giftist hún Páli Vídalín student og alþingismanni í Víðidalstungu, 8. október 1853, syni Jóns Thorarinsens Friðrikssonar, prests að Breiðabólsstað í Vesturhópi. Hin ungu hjón tóku þegar við hinu stóra búi Víðidalstungu, ættaróðali Vídalínanna, móður-frænda Páls. Þau eignuðust 4 börn, er komust til fullorðins ára. Jón Vídalín konsúll, Páll og Arndís, sem öll eru látin og Kristín, kona Jóns Jakobssonar, landsskjalavarðar.

Frú Elínborg misti mann sinn 20. október 1873. Fluttist hún þá vorið eftir frá Víðidalstungu, að Þorkellshóli í sömu sveit, sem einnig var eignarjörð þeirra hjóna. Þótti henni sú jörð hægari fyrir sig, er hún var ein orðin um búskapinn. Þar bjó hún nokkur ár, en flutti svo suður til Reykjavíkur með börnum sínum. Þar giftist hún 1881 Benedikt prófasti og alþingismanni Kristjánssyni í Múla i Þingeyjarsýslu og bjó hún þar nyrðra með manni sínum, þar til hann lét af prestsskap, 1889. Fluttu þau þá alfarin til Reykjavíkur og bjuggu þar jafnan síðan. Séra Benedikt lézt 6. des. 1903. — —

Það mun ekki ofmælt, að frú Elínborg hafi verið ein af alkunnustu og merkustu íslenzkum konum síðari hluta 19. aldarinnar. Að hún var kunn um alt land kom af ýmsum ástæðum. Hún var gift tveimur af merkustu mönnum sinnar samtíðar, sem báðir voru að flestu leyti forgöngumenn ýmsra framfara í sínum héruðum, og báðir vóru þeir þingmenn og stóðu því í ýmsum samböndum við flesta þá menn, á landinu, sem á þeirra tíma voru leiðandi menn þjóðarinnar. Hún komst þannig í náin kynni við flesta bestu menn sinnar samtíðar. Hún bjó stóru rausnarbúi með báðum mönnum sínum, og þangað komu allir, sem nokkuð kvað að, er um þær sýslur fóru. Auk þess sem heimili hennar var um langt skeið miðstöð flestra sveita- og héraðsmála á margan hátt. T. d. voru flestir sýslu- og sveitafundir haldnir í Múla, er hún var þar, og á Þorkellshóli var þingstaður hreppsins og því sjálfsagður fundarstaður.

Hún ferðaðist og með mönnum sínum, einkum fyrri manninum, á flesta mannfundi, og var oft með þeim á sumrin í Rvík, er þeir voru á þingi. Komst hún þannig ósjálfrátt inn í hin ýmsu landsmál og héraða, og tók á margan hátt þátt í þeim, »bak við tjöldin«. Segja það vinir hennar og séra Benedikts, að hann hafi tekið mikið meiri og sterkari þátt í öllum sýslumálum eftir að hann giftist henni, en áður, sem hún hafi verið frumkvöðull að, og kvatt hann til. Frú Elínborg líktist á margan hátt hinum gömlu höfðingjakonum Vestfjarða, sem hún átti kyn sitt að rekja til. Hún var stór og sköruleg og fyrirmannleg á velli og kvað mjög að henni. Nokkuð var hún oft í fyrstu þurleg í viðmóti, en það hvarf alveg er menn tóku hana tali. Hún var glaðlynd og skemtin og fjörug í viðræðum, og örlynd nokkuð á yngri árum sínum. Hún var

mjög vel skynsöm og hagmælt, og fljót til að mæla fram kveðlinga við kunningja sína í gamanræðum. Hún var hin mesta þrekkona til sálar og líkama fram á elli-ár, og þrátt fyrir hinar mörgu sorgir, sem hún reyndi á æfinni, missi tveggja manna sinna, langvarandi þungt heilsuleysi dóttur hennar og missi allra sinna barna, nema einnar dóttur, þá heyrðist aldrei eitt einasta orð um það af henni.

En það sem einkum einkendi hana var hin mikla rausn hennar og gestrisni við alla, og örlæti hennar og höfðingskapur við alla þá, sem leituðu hjálpar hennur eða ásjár. Meðan hún bjó í sveit mun heimili hennar sjaldan hafa verið gestalaust, þótt það væri jafnan nokkuð frá þjóðveginum. Þangað sóttu allir langferðamenn og útlendingar, sem framhjá fóru, þangað komu allir helztu menn sveitarinnar og sýslunnar, ef um einhver vandamál var að ræða — eða ef þeir áttu leið framhjá. -- Og þangað komu ekki síst, allir hinir mörgu fátæklingar, sem á einn eða annan hátt höfðu kynst húsfrúnni. Allir voru jafnvelkomnir. Allir fengu sömu hjartanlegu viðtökurnar. Það var hvorutveggja að meðan frú Elínborg var í sveit var henni aldrei fjárvant, enda hefði hún getað með sanni sagt eins og ýmsir hinna fornu Íslendinga: »Ekki spara ég mat við menn, og heimill er ykkur allur beini«. Fáir munu hafa vitað hvað mikið hún gaf fátæklingum, því hélt hún síst allra manna á lofti. — Kunningjar hennar sögðu oft að þótt hún byggi upp á reginfjöllum yrði jafnan gestanauð hjá henni. — Hún var ætíð í »*þjóðbraut*«.

Hún var frændrækin, trygglynd og vinföst, heilráð og hreinskilin, ef hennar ráða var leitað. Áttu gamlir kunningjar frá hennar fyrri árum jafnan að mæta hinni mestu velvild hjá henni, og það jafnt hvort það voru alkunnir menn, eða gamlir skjólstæðingar og þjónustufólk hennar.

Hún var svo dreuglynd og höfðingleg í öllu, að hún minnir mig mest allra þeirra kvenna, er ég hefi þekt, á ýmsar af konum vorum á sögualdinni. Henni hefði ég vel getað trúað til að gera ýmislegt, sem þær gerðu. T. d. hefði ég vel getað trúað því, að ekki hefði það átt við hennar skap, ef hún hefði heitið einhverjum ásjár að gefa hann upp í fjandmanna hendur, þótt maður hennar eða vinir hefðu heimtað það. Ég býst við að henni hefði farið líkt að skiljast ekki við þá fyr en þeim hefði verið borgið, og Þorbjörgu digru og Guðrúnu Ósvífursdóttur. Henni var höfðingskapurinn meðfæddur. Hún var sköpuð til að hafa auð fjár og nota hann. Hún var sann-íslenzk, ríkilát höfðarkona í sjón og raun, sem ekkert átti smátt eða lítilfjörlegt í sál sinni, og aldrei kunni að velta hverjum eyri margsinnis í lófa sínum, áður en hún lét hann af hendi.

Hún var heimilisprúð og stjórnsöm, og mjög vinsæl bæði af hjúum sínum og öðrum er hana þektu. Voru stúlkur jafnan lengi hjá henni og giftust fjöldamargar frá henni. Þótti það framan af æfi hennar, þegar engir voru kvennaskólar, frami bændadætrum að vera »þjónustustúlka« hjá frú Elínborgu, enda urðu þær allar mestu myndar húsmæður. Þær vöndust þar við reglusemi og allan myndarskap, sem til var á stóru reglusömu merkisheimili. Og margra ára vera þeirra undir stjórn hennar hefir eflaust orðið þeim fult eins notasæl og þótt þær hefðu verið einn vetur í kvennaskóla.

Hún var að eðlisfari mjög nærfærin, og sagði að af öllu hefði sig langað mest til að verða læknir. Þótti hún mjög heppin yfirsetukona, og var oft sótt á yngri árum sínum til þess. Þótti líka fátækum nágrannakonum hennar ekki afslagur að hún yrði ljósmóðir barna sinna. Og nöfnur eignaðist hún á öðrum hverjum bæ í Víðidalnum, er hún bjó þar. Eina þeirra ól hún upp með sínum eigin börnum. — Annað barn, sem hún tók á móti, er móðirin lézt af barnsförum, flutti hún heim með sér að Múla og ól upp og elskaði sem sitt eigið barn til æfiloka. Það var frú Guðrún Þorgrímsdóttir, sem gift er nú í Vestmanna-

eyjum. Henni var hún móðir bæði í raun og sannleika alla æfi. — —

Ég hefi verið svo lánsöm að kynnast frú Elínborgu meira og minna síðan ég var barn, og mér finst að ég hafi ekki þekt *betri konu og meiri* en hana. Mynd hennar stendur svo skýrt fyrir mér, einkum meðan hún var í sveit. Ég man svo vel eftir hinni gjörfulegu glæsikonu í Víðidalstungu. Mér fanst hún og heimilið eiga svo vel saman. Þar var gamalt höfuðból, og margir gamlir erfðamunir, sem settu annan svip á heimilið, en nú fæst með ýmsum aðkeyptum skrautmunum. Húsmóðirin var svo frjálsmannleg og höfðingleg. Hún var ef til vill ekki sérstaklega fríð, en það fann ég aldrei sem lýti. Svona fanst mér íslenzkar heiðarkonur ættu að vera.

Ég kom til hennar í Múla og hér í Reykjavík oftsinnis, og altaf var sami blærinn yfir heimili hennar. Þessi gladi. frjálsmannlegi, gestrisnis sólskinsblær, sem alla bauð velkomna. Það var eins og henni væri gerð stór gleði með því að heimsækja hana, og venjulega þakkaði hún gestunum komuna.

Ég get ekki að því gert að mér finst stórt skarð fyrir skildi þar sem frú Elínborg sat, þótt gömul væri að aldri og farin að bila að heilsu. Með henni finst mér hverfi svo margar minningar. Hennar þroski og beztu æfiár féllu saman með þjóðarinnar eigin vaknandi og vaxandi andlegum og efnalegum þroska og viðreisnarárum. Mér finst að hún væri nokkurskonar brautryðjandi okkar kvennanna. Ekki það, að hún gæfi sig fram til að prédika fyrir okkar jafnrétti og framkvæmdir, heldur það, að hún tók svo margt af þessum rétti okkar sjálf og notaði sem sjálfsagðan hlut, og gaf okkur með því það fordæmi, að konur gætu haft meiri völd og virðingu á heimilum sínum og annarstaðar, ef þær kynnu að nota sér það, og hefðu þá skapsmuni, sem til þess útheimtist. Ég veit að hún hefir enn átt marga vini, af ýmsum stéttum um land alt, sem minnast hennar með virðingu og kærleika. — Friður guðs sé með henni.

Briet Bjarnhéðinsdóttir.

Danskar konur í Ríkisþinginu.

Þess hefir áður verið getið hér í blaðinu að 9 danskar konur náðu kosningu til Ríkisþingsins danska, við síðustu kosningar, og eiga þar nú sæti. Þótt undarlegt megi virðast þá vakti kosning þessara kvenna ekki þá gleði, hjá ýmsum leiðandi dönskum konum, sem líklegt hefði verið. Kom þar auðsjáanlega fram rígur milli kvenfélaganna, máske líka flokkarígur og persónuleg óvild, sem ekki er alveg óþektar ástæður í opinberri framkomu karla og kvenna annarstaðar. Nú eru þessar þingkonur farnar að taka sinn góða þátt í ýmsum þingmálum, og er það þá fyrir oss íslenzku konurnar eftirtektavert hverjum málum þær beita sér helzt fyrir.

Eins og ensku konurnar tóku launamál kvenna, sem eitt af fyrstu málunum, sem þær lögðu sérstaklega áherzlu á að fá ráðið bót á, svo virðast einnig danskar konur gera, þar sem því verður viðkomið. Í lagafrumvarpinu um laun kennaranna við skóla þá, sem reknir verða nú á kostnað ríkisins í Kaupmh. og Fredriksbergi og nágrannabæjunum, hélt frú Elna Munch uppi svörum fyrir kenslukonurnar, og heimtaði bæði sömu laun þeim til handa, og sama aldurstakmark fyrir eftirlaunarétti og handa karlmönnum. En eftir frumvarpi kenslumálaráðherrans átti það ekki að verða. Sömuleiðis heimtaði hún að konur fengju jafnan rétt til að hækka í embættum og karlm. og að verða yfirkennarar og rektorar við lærða skólana eins og þeir.

Þá hélt hún því fram, að konur fengju í framkvæmdinni sama rétt til embætta og karlmenn, sem ekki hefði hingað til verið nema á pappírnum, og vítti að lögin gæfu

þeim ekki rétt að prestsembættum, sem hún taldi þær mjög vel fallnar til.

Önnur þingkona, málaflutningsmaður frk. Matthildur Hauschulst, tók fyrir hjónabandslöggjöfina, spurði forsætisráðherrann, því frumvarpið um stofnun hjónabands, og hjónaskilnað, sem tilbúið hefði verið 1913 frá nefnd þeirri, sem hjónabandslöggjöfina endurskoðar, væri nú ekki lagt fyrir þingið. Taldi hún svo upp ýmsa aðalgalla þeirra laga, sem væru bæði ranglát og úrelt orðin, og sýndi með dæmum frá sinni eigin lögfræðislegu reynslu, hve ranglát þau væru, og hve illa bæði lögreglan og dómstólarnir færu oft með konur og börn eftir þeim lögum, eða með vernd þeirra.

Um sjálfa hjónabands-löggjöfina höfðu þær margt að athuga. Frú Elna Munch kvað ekki hægt að saka karlmennina núna um það, að þetta lagafrumvarp þeirra væri eingöngu miðað við þeirra hagsmuni. En auðséð væri þó enn á mörgu í því, að það væri einungis karlmenn, sem hér væru löggjafar. Í öllum skýrum atriðum hefðu þeir reynt að gera báðum pörtum jafn hátt undir höfði. En þar sem einhver vandi væri að skera úr, hefðu þeir ætíð látið konuna bíða lægra hlut og karlmanninn hafa forréttindin. Þetta yrði auðvitað að breytast. Það sem sér þætti mestu varða, væri að upphefja allan mismun á ráðum hjónanna yfir félagsbúinu, og foreldra valdinu yfir börnunum . . . Og svo sýndi hún fram á, að enn þá hefðu konurnar eftir þessum nýju lögum ekki sama rétt í þessum efnum og karlmennirnir . . . Sömuleiðis skoraði hún á forsætisráðherrann að flýta hinum ýmsu köflum þessa lagabálks, svo hann gæti sem fyrst orðið endurbættur allur í heild og orðið að lögum.

Þriðja þingkonan tók fyrir málið um verndun barna og uppeldi þeirra. Lagði hún sérstaka áherzlu á, að foreldrunum væri hjálpað til að ala börnin upp, einkum þeim, sem verða að vinna utanhúss og skilja börnin eftir heima. Vildi hún láta stofna frítímahæli og dagheimili fyrir börn frá þeim heimilum. Yfir höfuð ekki taka ábyrgðina af foreldrunum, nema nauðsyn krefði. Væri nauðsyn að koma upp barnahælum, þá að hafa þau lítil, ekki stærri en fyrir 10—12 börn hvert. Reynslan hefði sýnt að stór barnahæli væru óheppileg. Litlu barnahælin líktust mest góðum heimilum, ef þeim væri vel stjórnað. Eftir þeim myndu börnin jafnan síðar, og ættu ætíð að eiga þar athvarf, þótt þau væru farin þaðan, eins og í foreldrahúsum. — Barnahæli væri ekki annað en neyðarúrræði fyrir regluleg heimili þeirra.

Sú fjórða tók fyrir varnarskyldu kvenna, sem erlendar konur víðsvegar hafa mikið ritað um. Hún spurðist fyrir um það hjá ráðherrunum, hvað orðið hefði af erindi frá Kvenfélagi einu í Kaupm.höfn; sem sendi stjórninni fyrir 1½ ári óskir sínar og tilboð um að vinna fríviljuglega skylduþjónustu eða landvarnarvinnu um ákveðinn tíma í þarfir landsins að sjúkrahjúkrun og hússtjórnarstörfum. Vildu þær að stjórnin styrkti þetta með meðmælum sínum, og ríkissjóður kostaði fullkomna kenslu í þessum greinum, svo konur stæðu þar tilhúnar, ef stór-sóttir bæri að höndum. Á þann hátt yrðu þær líka færar um að uppfylla skyldur sínar á heimilunum. Þessu máli hefði ekki verið sint af stjórninni. En nú færi ein af mannskæðustu stór-sóttum um landið, og sæist nú bezt hvað heimilin væru varbúin við þeirri hættu, hvað hjúkrun og meðferð sjúklinga snerti. Væri tillögum kvenna sint, stæðu þau betur að vígi í þeim efnum«.

Á þessum litla útdrætti má sjá, að *fyrst og fremst* leggja danskar konur áherzlu á, að bæta kjör kvennanna bæði réttarfarslega og efnalega, og að afla þeim þeirrar þekkingar sem nauðsynleg er, til þess að þær geti notið sín til fullnustu, og leyst störf sín óaðfinnanlega af hendi, bæði á heimilunum og í allri starfsemi sinni utan þeirra.

Vegurinn að virðingunum.

Eftir *Ernst Lundquist.*

(Frh.)

»Og nú langar mig líka til að þakka signorinnunni,« sagði hann hrifinn.

En þá dró sora Sabina sig aftur inn í sjálfa sig.

»Þess gerist engin þörf,« sagði hún önug. »Ég skal færa henni þakkir yðar áreiðanlega. Það stendur hvergi í samningum leigjendanna minna, að þeir megi kokettera við hana dóttur mína.«

Áður en Mauro tók málverkið og bar það inn í sitt eigið herbergi, skýrði hann í fám orðum frá tilgangi sínum með málverkið. Af því gamla konan hafði verið svona eftirgefanleg, vildi hann ekki láta hana vera óvitandi um þann grikk, sem hún sér óvitandi með þessu hjálpaði honum til að framkvæma. Með áhættu um að hún tæki aftur loforð sitt, sagði hann henni frá »Febo«-greinunum og hinni löngu og þegjandi baráttu sinni móti hinni langvarandi þögn og fyrirlitningu rómversku listaverkadómaranna og blaðamannanna, með því að þegja málverkin hans í hel, og um fyrirætlun sína að hefna sín nú á þeim og ginna þá til að ganga í gildru, með því að setja á vorlistasýninguna undir sínu nafni, eftirmynd af þessu óþekta málverki af Sebastian eftir Giorgianeo, sem heimurinn þekti ekkert til. Hann var alveg viss um, að þeir mundu koma fávizku sinni þá upp um sig, með því að láta þetta ódauðlega meistaraverk fá sama þagnardauðadóminn og öll hans málverk nú hefðu orðið fyrir árum saman. Þegar hann svo hefði látið þá herra gagnrýnendur koma öllu upp um sig, þá skyldi hann meðganga hrekkinn í blöðunum. Auðvitað yrði þá uppi fótur og fit, og hann vissi, að listdómendurnir yrðu þaðan af hans svarnir fjendur, og að allar rómverskar listaverkasýningar yrðu honum þaðan í frá lokaðar. En það var honum sama. Hefndarhugsjónin hafði borað sig svo fast inn í hann, að hann varð að losa sig við hana. Það var eina ráðið til að fá starfsjafnvægi sitt aftur.

Sora Sabina hafði hlustað á hann með forvitnislegum áhuga, og sýndist ekkert kæra sig um sína þátttöku í þessum grikk. Þvert á móti skýrði hún fyrir honum, að þessi grikkur mundi draga athygli allrar Ítalíu að málverkinu hennar, og að hún síðar mundi eiga hægra með að selja það fyrir afarverð. En hún lét hann heita að selja ekki eftirlíkinguna fyrri en hún hefði selt frummyndina, og fengið hana borgaða. Því gat hann vel lofað, því líklegast fengi hún sjálf að halda eftirlíkingunni, til minnis um skemtilegasta atriðið á æfi hennar. —

Mauro tók nú að mála eftir hinum heilaga Sebastian, og hélt myndastofu sinni heilan mánuð harðlokaðri fyrir félögum sínum og öllum aðkomandi. Hann vann af slíku kappi, að hann gaf sér varla tíma til að hugsa nokkurntíma um Silviu litlu. Stöku sinnum mætti hann henni í stiganum. En þá mintist hann greinarinnar, sem ekki stóð í leigusamningnum, og tók ofan með djúpri virðingu, en gekk svo þegjandi fram hjá henni. En þó hafði hann slæma samvizku, af því að augnatillit hans til hennar væri ekki jafn lotningarfult og hatturinn hans, þegar hann tók ofan fyrir henni.

Hún svaraði kveðju hans að eins með augnalokunum. En skrítið var það, að fjóluvendi fann hann oft á borðinu sínu á kveldin. Pasqa gamla fullyrti reyndar mjög alvarleg, að það væri hún, sem setti þá inn, en . . . en . . .

Honum hafði aldrei þótt vænt um fjólur fyrri. En nú þreyttist hann aldrei á því að sjúga ilm þeirra að sér, alveg ofan í hjartaræturnar, að því, sem honum fanst. Og á morgnana voru fjólurnar það fyrsta, sem hann kom auga á, eins og þögul og undrandi spurning úr tveimur fjólubláum augum, sem hann þekti.

Meðan hann málaði eftirmyndina sína, og leitaðist við að gefa henni hinn fína, tignarlega blæ, sem var á frummyndinni, sem ljómaði nú á móti honum í öllu sínu fagra samræmi af dökkgrænum, bleikum og fílabeinsgulum litum, þá lofaði hann hamingjuna, sem hafði látið hann rekast á þetta gamla Feneyjameistaraverk, sem var í svo miklu sambandi og líkingu, hvað teknikina snerti, við öll málverkin, sem hann hafði sett á listaverkasýningarnar með svo mikilli sannfæringu um listagildi þeirra. Listdómarana mundi aldrei gruna neitt um þessa Sebastian-mynd hans, sem gæti við fljótlega athugun sýnst líkjast Tizian, eftir hans gömlu málaravenju. Að málverkið yrði ekki tekið á sýninguna óttaðist hann alls ekki.

En þegar hann var langt kominn með eftirmyndina, þá fór hann að verða óánægðari með hana. Hann hafði líklega gert of mikið af einfaldleikanum í blöðunum á lauftrénu, sem pislarvotturinn var bundinn við. Og um fram alt hafði honum ekki tekist að ná hinu fegurðardrukna og þó angurblíða augnatilliti, sem hinn deyjandi unglingur kvaddi heiminn með í síðasta sinni. Til þess að ná þeim svipblæ varð málarinn að vera skáld. Venjulegur meðallistamaður gat það ekki. Þegar hann reisti bæði málverkin hvort við annars hlið og bar þau saman, þá féll honum allur ketill í eld, og

honum var næst að hætta við alt saman. En svo datt honum alt í einu nókkuð nýtt í hug, eins og eldingu slægi niður í heila hans. Hann fleygði sér niður í hægindastól með hendurnar fyrir andlitinu, eins og hann vildi stríða á móti þessu nýjasta hrekkjabragði sínu.

En svo spratt hann alt í einu upp, rak upp stóran skellihlátur og kallaði hátt upp yfir sig:

»Jú, einmitt svona skal það vera.«

Sýningarnefndin hafði ekki haft neitt á móti því að taka málverkin hans Mauro. Þau voru núna tvö: andlitsmynd af Guy Marston, vatnslitamálaranum alþekta í Róm, og önnur af sankti Sebastian, sem var eins og myndir hans venjulega, málaður nakinn, móti grænu blaðskrúði. Báðar myndirnar voru í sléttum svörtum umgerðum, eins og þá var tízka, með mjög áberandi nafni Mauro Santines í vinstra horninu, með blóðrauðum stöfum. Myndirnar fengu óheppilegan stað saman, á hálfdimmum vegg í litlu smáherbergi í einu af sýningarherbergjunum. Og fyrsta daginn gekk allur fjöldi sýningargestanna fram hjá þeim, án þess að virða þær viðlits.

Þegar blöðin komu út, með dómana um listaverkin og sýninguna, þreif Mauro þau og gleypti innihaldið eins og hungraður úlfur. En hann varð alveg forviða, þegar hann sá sitt nafn næstum í þeim öllum. En þegar hann gætti betur að, var sú gáta auðráðin. Það var myndin af Guy Marston, sem hafði vakið athygli, bæði af því að hann var alþektur meðal listamanna og blaðamanna í Róm sem skemtilegur skritlusmiður og af því að myndin var svo nauðalík honum. Auðvitað var myndinni ekki mikið hælt, en það var þó sagt frá tilveru hennar að minsta kosti, og þá gat ekki hjá því farið, að nafn Mauro kæmi líka með, með gleiðu letri, eins og öll listamannanöfnin í sýningarfrásögnum blaðanna.

En San Sebastian var þar á móti ekki nefndur á nafn með einu orði, nema hvað í blaðinu »Roma« stóð orðrétt þessi klausa eftir helzta listaverkablaða gagnrýnandann:

»Einhver *Santine* eykur höfundanöfnin á sýningarskránni, eins og Leparolla með karlmannsandlitsmynd í tizianskum stíl, eða réttara sagt í Lenbacklegum eftirlíkingar-stíl. Það er rösklega málað og alls ekki óhugðnæmt, máske vegna frummyndarinnar og máske vegna annars málverks, sem er við hliðina á því, eftir sama Santine, sem er algerlega mishepnuð eftirlíkingartilraun eftir málaraskóla, sem var lagður í gröf sína fyrir nær því 400 árum og þess vegna ætti nú að fá að geta verið í friði fyrir óvönum drauga særingamönnum. Á vorum dögum gerir þessi illa máluði og væmni San Sebastian enga mannveru glaða.«

Þessi sigur Mauro, sem var svo langt fram yfir vonir hans, gerði hann svo framúrskarandi glaðan, að hann gat varla stilt sig um að hlaupa og stökkva upp í háa loft á götunni og gala eins og reglulegur götustrákur, með blaðið í vasanum.

Hann beið heila viku, en ekkert blað virtist hafa neitt meira að segja um hann.

Þá sló hann sitt stóra slag. Í »Tribuna Roma« og ferðamannablaðinu »L'Italie« stóð samtímis eftirfylgjandi auglýsing, þar sem mikið bar á í blaðinu:

»Fyrst að gagnrýnendurnir hafa nú sagt alt, sem þeir vilja segja, um bæði málverkin, sem undirritaður lét á sýninguna við Via Nazionale, þá bið eg um leyfi til að játa upp á mig synd, sem sýningarnefndin hefir auðvitað engan grun um: að *»þessi algerlega mishepnaða eftirlíkingartilraun«*, sem eg kalla San Sebastian og hefi einkent með minu nafni í vinstra horninu, er ekki máluð af mér, heldur er hún máluð árið 1500 af ekki alveg óþektum meistara, sem hét Giorgione da Castelfranco, sem eg fann hér í Róm í prívatmanns eigu fyrir nokkrum mánuðum. Vilji menn sannfærast um, að málverkið sé ekki eftirlíking, heldur í raun og veru sjálf frummyndin, þá þurfa þeir ekki annað en að ná varlega burtu léreftiuu, sem eg hefi límt á bakhliðina á því, og skoða innskriftina á hinu gamla málverki, sem segir frá því, að rétti frumsmiður málverksins sé »Maistro Zorso da Castelf . . .«.

Kaupendur „Kvennablaðsins"

eru vinsamlega beðnir að afsaka hinn mikla drátt á útkomu nóvember og desember tölublaðsins, sem algerlega stafar af inflúenzunni. Allan nóvembermánuð var mér hennar vegna ómögulegt að koma blaðinu út, og í desember var ómögulegt að fá það prentað, vegna anna þeirra, sem hlaðist höfðu á prentsmiðjuna þá, eftir að starfsmenn hennar höfðu allir verið meira eða minna veikir um lengri eða skemri tíma.

Vinsamlegast

Briet Bjarnhéðinsdóttir.